



Snúđu aftur til Jehóva

Kæra trússystkini.

Eins og þú veist fjallar Biblían að mestu leyti um fólk. Margt þeirra þjónaði Guði í tryggð og trúfesti en glímdi þó við svipaða erfiðleika og við. Þetta var venjulegt fólk með sams konar tilfinningar og við. (Jakobsbréfið 5:17) Sumir voru að bugast undan áhyggjum og erfiðleikum. Aðrir voru sárir út í ættingja eða trússystkini sem höfðu komið illa fram við þá. Og margir voru þjakaðir af sektarkennd vegna mistaka sinna.

Sumt af þessu fólk fjarlægðist Jehóva. En hafði það snúið baki við honum fyrir fullt og allt? Nei. Margir voru eins og sálmaskáldið sem bað til Guðs: „Ég villist eins og týndur sauður, leita þú þjóns þíns því að ég hef ekki gleymt boðum þínum.“ (Sálmur 119:176) Líður þér líka þannig?

Jehóva gleymir aldrei þjónum sínum sem hafa villst frá hjörðinni. Hann reynir öllu heldur að ná til þeirra, oft fyrir milligöngu trússystkina þeirra. Veltu til dæmis fyrir þér hvernig Jehóva hjálpaði þjóni sínum Job. Hann varð fyrir margs konar áföllum, meðal annars fjárhagserfiðleikum, ástvinamissi og alvarlegum veikindum. Job mátti einnig þola meiðandi orð af munnnum þeirra sem hefðu átt að styðja hann og styrkja. En aldrei sneri hann bakinu við Jehóva þótt hann hefði ekki hugsað rétt um tíma. (Jobsbók 1:22; 2:10) Hvernig hjálpaði Jehóva Job að ná jafnvægi á ný?

Jehóva hjálpaði Job meðal annars fyrir milligöngu trúbróður hans sem hét Elíhú. Þegar Job tjáði áhyggjur sínar hlustaði Elíhú á hann og fann sig síðan knúinn til að tala. Og hvað sagði hann? Gagnrýndi hann Job eða reyndi að fá hann til að bæta ráð sitt með því að ýta undir sektarkennd og skömm? Taldi Elíhú sig vera eitthvað betri en Job? Alls ekki. Hann sagði undir handleiðslu anda Guðs: „Frammi fyrir Guði er ég eins og þú, ég var líka mótaður úr leir.“ Síðan hugreysti hann Job og sagði: „Ótti við mig þarf ekki að skelfa þig og þvingun frá mér ekki að þjaka þig.“ (Jobsbók 33:6, 7) Elíhú vildi alls ekki íþyngja Job heldur veitti honum þá uppörvun og leiðsögn sem hann þurfti.

Það var með sama hugarfari sem þessi bæklingur var saminn. Fyrst hlustuðum við og hugleiddum vandlega ummæli og aðstæður margra sem höfðu fjarlægst söfnuðinn. (Orðskviðirnir 18:13) Síðan leituðum við til Biblíunnar og skoðuðum í bænarahug frásögur af því hvernig Jehóva hjálpaði þjónum sínum til forna sem stóðu í svipuðum sporum. Að lokum heimfærðum við þessar frásögur Biblíunnar upp á aðstæður bræðra og systra nú á dögum. Þessi bæklingur er afrakstur þeirrar vinnu. Það er einlæg ósk okkar að þú lesir þetta efni. Við viljum að þú vitir að okkur þykir ákaflega vænt um þig.

Stjórnandi ráð Votta Jehóva





KAFLI 1

HVERS VEGNA ÆTTIRÐU AÐ SNÚA AFTUR TIL JEHOVA?

Þjónar Jehóva á biblíutímanum glímdu við svipaða erfiðleika og við. Jehóva rétti þeim hjálparhönd. Hann lofar að hjálpa okkur líka. Líkt og umhyggjusamur fjárhirðir leitir Jehóva týndra sauða sinna og hvetur þá til að snúa aftur til sín.

KAFLI 2-4

HVAÐA HINDRANIR ÞARF AÐ YFIRSTÍGA?

Trúir þjónar Guðs hafa stundum þurft að takast á við áhyggjur, særðar tilfinningar og sektarkennd og það kom niður á þjónustu þeirra. Jehóva hjálpaði þeim að ná sér aftur á strik, tengjast sófnuðinum á ný og endurheimta gleði sína.

KAFLI 5

HVERNIG SNÝRÐU AFTUR TIL JEHOVA?

Jehóva vill að þú snúir aftur til sín. Hvernig geturðu verið viss um það? Kynntu þér hvernig nokkrir vottar sneru aftur til Jehóva, hvernig sófnuðurinn tók á móti þeim og hvernig öldungarnir hjálpuðu þeim að komast aftur í gang í þjónustu Jehóva.



1 „Ég mun leita þess sem villist“

Lambið er rammvillt. Einhvern veginn varð það viðskila við hjörðina þar sem það var á beit úti í haga. Nú sér það hvorki hjörðina né hirðinn. Það er farið að skyggja og rándýr eru komin á kreik. Lambið er hrætt og varnarlaust. Allt í einu heyrir það kunnuglega rödd – rödd hirðisins. Hann kemur hlaupandi, tekur lambið í fang sér, bregður yfirhöfninni utan um það og ber það heim.

JEHÓVA líkir sjálfum sér aftur og aftur við slíkan fjárhirði. Hann segir í Biblíunni: „Nú ætla ég sjálfur að leita sauða minna og líta eftir þeim.“ – Esekíel 34:11, 12.

„Hjörð mín sem ég held í haga“

Hverjir eru í hjörð Jehóva? Í stuttu máli sagt eru það þeir sem elska hann og tilbiðja. Biblían segir: „Föllum fram og tilbiðjum, beygjum kné vor fyrir Drottni, skapara vorum. Því að hann er vor

Guð og vér erum gæslulýður hans, hjörðin sem hann gætir.“ (Sálmur 95:6, 7) Tilbiðjendur Jehóva fylgja honum fúslega rétt eins og sauðir elta fjárhirðinn. En eru þeir gallalausir? Nei. Þjónar Guðs hafa stundum verið „á dreif“, „týndir sauðir“ og „sem villuráfandi sauðir“. (Esekíel 34:12; Matteus 15:24; 1. Pétursbréf 2:25) En þegar einhver fjarlægist söfnuðinn lítur Jehóva ekki svo á að hann sé horfinn fyrir fullt og allt, heldur vonar innilega að hann snúi aftur.

Jehóva lítur ekki svo á að það sé öll von úti um sauð sem týnist. Hann gleðst þegar hann finnur hann.

Finnst þér enn að Jehóva gæti þín? Hvernig gætir Jehóva hjarðar sinnar nú á dögum? Lítum á þrennt:

Hann nærir trú okkar. Jehóva segir: „Ég mun sjálfur halda þeim til beitar í góðu haglendi ... Þar munu þeir leggjast og ganga í frjósömu haglendi.“ (Esekíel 34:14) Jehóva hefur alltaf gefið okkur andlega fæðu á réttum tíma og hún er bæði fjölbreytt og næringarrík. Manstu eftir ræðu, grein eða myndbandi sem var eins og svar við bænum þínum? Fannst þér það ekki vera skýrt merki um að Jehóva þætti vænt um þig?

Hann verndar okkur og styður. Jehóva lofar að „sækja hið hrakta, binda um hið limlesta og styrkja hið veikburða“. (Esekíel 34:16) Hann styrkir þá sem eru veikburða eða eru að bugast undan áhyggjum og kvíða. Hann bindur um sár okkar svo að þau grói, jafnvel sár sem trússystkini hafa valdið. Og hann sækir þá sem hafa hrakist af leið og eru að glíma við neikvæðar tilfinningar.

Hann finnur til ábyrgðar gagnvart okkur. „Ég mun bjarga sauðum mínum frá öllum þeim stöðum sem þeir dreifðust til,“ segir Jehóva. „Ég mun leita þess sem villist.“ (Esekíel 34:12, 16) Jehóva lítur ekki svo á að það sé öll von úti um sauð sem týnist. Hann veit ef vantar sauð í hjörðina. Hann leitar hans og gleðst þegar hann finnur hann. (Matteus 18:12-14) Hann segir við sanna þjóna sína: „Þið eruð

hjörð mín sem ég held í haga.“ (Esekíel 34:31) Þú tilheyrir þessari hjörð.


„Endurnýja daga vora eins og til forna“

Af hverju leitar Jehóva að þér og hvetur þig til að snúa aftur til sín? Af því að hann vill að þér líði vel. Hann lofar að blessa sauði sína. (Esekíel 34:26) Hann stendur við þetta loforð. Þú hefur kynnst því af eigin raun.

Rifjaðu upp hvernig þér var innanbrjóst þegar þú kynntist Jehóva. Fannst þér ekki stórkostlegt að fá að vita hvað Guð heitir og hvað hann ætlar að gera fyrir mannkynið? Manstu hve hressandi það var að sækja mót og vera innan um trússystkini? Manstu hvernig þér leið þegar þú komst heim úr boðunarstarfinu eftir að hafa hitt einhvern sem sýndi ósvikinn áhuga? Varstu ekki glaður og ánægður?

Þú getur upplifað þessa gleði aftur. Þjónn Guðs bað endur fyrir löngu: „Snú þú oss til þín, Drottinn, þá snúum vér aftur, endurnýja daga vora eins og til forna.“ (Harmljóðin 5:21) Jehóva svaraði þessari bæn. Fólk hans sneri aftur og þjónaði honum á ný af mikilli gleði. (Nehemíabók 8:17) Jehóva mun gera það sama fyrir þig.

Það er auðvitað hægara sagt en gert að snúa aftur til Jehóva. Lítum nú á nokkrar hindranir sem þarf að yfirstíga og hvernig þú getur farið að því.



Horfðu á myndina *Our Whole Association of Brothers* og rifjaðu upp hve ánægjulegt það er að vera innan um þjóna Guðs. Hún er til á erlendum tungumálum á jw.org.

ÁHYGGJUR

„Á allar hliðar er ég aðþrengdur“

„Við hjónin skildum eftir 25 ára hjónaband. Börnin mín yfirlögðu sannleikann. Ég veiktist alvarlega og varð þunglynd í kjölfarið. Ég brotnaði algerlega niður og fannst ég ekki ráða við nokkurn skapaðan hlut lengur. Ég hætti að sækja samkomur og varð óvirk.“
– June.

ALLIR fá sinn skerf af áhyggjum og þjónar Guðs eru engin undantekning. „Áhyggjur þjaka mig,“ sagði sálmaskáldið. (Sálmur 94:19) Jesús sagði að „áhyggjur þessa lífs“ gætu gert okkur erfitt fyrir að þjóna Jehóva núna á síðustu dögum. (Lúkas 21:34) Hvað um þig? Áttu við veikindi að stríða eða finnst þér þú vera að kíkna undan fjárhagserfiðleikum eða vandamálum í fjölskyldunni? Hvernig getur Jehóva hjálpað þér að standast álagið?

„Krafturinn mikli“ frá Guði

Við getum ekki ráðið við áhyggjur okkar hjálparlaust. „Á allar hliðar er ég aðþrengdur,“ skrifaði Páll postuli og bætti síðan við: „Ég er efa-blandinn ... felldur til jarðar.“ En hann sagði líka að hann ‚léti ekki bugast, örvænti ekki og tortímdist ekki‘. Hvað getur hjálpað okkur að standast álagið? Það er „krafturinn mikli“ og sá kraftur kemur frá almáttugum Guði okkar, Jehóva. – 2. Korintubréf 4:7-9.

Rifjaðu upp hvernig þú hefur áður fengið ‚kraftinn mikla‘. Manstu eftir uppörvandí ræðu sem gaf þér dýpri skilning á tryggum kærleika Jehóva? Varð ekki trú þín á loforð Jehóva sterkari þegar þú sagðir öðrum frá voninni um paradís? Samkomurnar og boðunarstarfið gefa okkur kraft til að takast á við áhyggjur lífsins og hafa hugarfrið þannig að við getum þjónað Jehóva með gleði.

„Finnið og sjáið að Drottinn er góður“

Það gæti verið að þér finnst togað í þig úr öllum áttum. Jehóva biður okkur til dæmis að leita fyrst ríkis síns og hafa góða andlega dagskrá. (Matteus 6:33; Lúkas 13:24) En hvað er til ráða ef þú ert úrvinda vegna mótstöðu, slæmrar heilsu eða erfiðleika í fjölskyldunni? Eða segjum að vinnan krefjist tíma og krafta sem þú myndir annars nota í þágu safnaðarins. Finnst þér þú vera að drukkna og hafa hvorki tíma né krafta til að gera allt sem ætlast er til af þér? Þú veltir kannski fyrir þér hvort Jehóva krefjist of mikils af þér.

Jehóva er skilningsríkur. Hann fer aldrei fram á að við gerum meira en við getum. Og hann veit að við þurfum tíma til að ná okkur aftur á strik eftir líkamlegt og tilfinningalegt álag. – Sálmur 103:13, 14.

Lítu til dæmis á hvernig Jehóva annaðist Elía spámann. Elía missti kjarkinn um tíma og flúði hræddur út í óbyggðir. Ávitaði Jehóva hann og skipaði honum að halda áfram að sinna verkefni sínu? Nei. Tvisvar sendi Jehóva engil til að vekja Elía blíðlega og gefa honum að borða. Þrátt fyrir það var Elía enn áhyggjufullur og hræddur 40 dögum seinna. Hvað annað gerði Jehóva til að hjálpa honum? Fyrst sýndi hann Elía að hann væri fær um að vernda hann. Síðan hughreysti hann Elía með mildri röddu. Að lokum sagði Je-



Jehóva fer aldrei fram á að við gerum meira en við getum.

hóva honum að þúsundir manna þjónuðu sér enn af trúfesti. Áður en langt um leið var Elía farinn að þjóna Jehóva aftur sem kappsamur spámaður. (1. Konungabók 19:1-19) Hvað getum við lært af þessu? Jehóva var þolinmóður og skilningsríkur við Elía þegar áhyggjurnar voru að buga hann. Jehóva hefur ekki breyst. Hann annast okkur með svipuðum hætti og þjóna sína til forna.

Vertu raunsær þegar þú hugleiðir hvað þú getir gefið Jehóva. Berðu ekki saman það sem þú getur gert núna og það sem þú gast áður. Lýsum þessu með dæmi: Hlaupari, sem hættir að æfa í nokkra mánuði eða ár, getur ekki byrjað allt í einu að æfa af sama krafti og áður. Hann byrjar öllu heldur á því að setja sér smærri markmið til að byggja upp þrek og úthald. Þjónar Jehóva eru eins og hlauparar. Þeir æfa með skýrt markmið í huga. (1. Korintubríf 9:24-27) Væri ekki ráð að þú settir þér eitt markmið í þjónustu Guðs sem þér finnst þú geta náð núna? Þú gætir til dæmis haft það að markmiði að fara á samkomu í ríkissalnum. Biddu Jehóva um að hjálpa þér að ná markmiði

þínu. Því meir sem trú þín styrkist finnurðu betur hve góður Jehóva er. (Sálmur 34:9) Hafðu í huga að allt sem þú gerir til að sýna Jehóva að þú elskir hann – hversu smátt sem það kann að virðast – er dýrmætt í augum hans. – Lúkas 21:1-4.

„Hvatningin sem ég hafði beðið eftir“

Hvernig gaf Jehóva June kraft til að snúa aftur til sín? Hún segir: „Ég bað Jehóva aftur og aftur að hjálpa mér. Einn daginn lét tengdadóttir mín mig vita af móti sem átti að halda í heimbæ mínum. Ég ákvað að vera einn dag á mótinu. Það var yndisleg tilfinning að vera aftur með fólki Jehóva. Þetta mót var hvatningin sem ég hafði beðið eftir. Núna þjóna ég Jehóva á nýjan leik og lífið er svo miklu innihaldsríkara og ánægjulegra en áður. Ég veit núna að ég má ekki einangra mig og að ég þarf á trússysteminum mínum að halda. Ég er innilega þakklát fyrir að hafa getað snúið aftur til safnaðarins áður en það var um seinan.“

SÆRÐAR TILFINNINGAR

Þegar við höfum „sök á hendur öðrum“

„Systir í söfnuðinum mínum sakaði mig ranglega um að hafa stolið peningum frá sér. Aðrir í söfnuðinum fréttu af því og sumir fóru að halda með mér en aðrir með henni. Síðar sagðist systirin hafa fengið nýjar upplýsingar sem sýndu fram á sakleysi mitt. Hún baðst fyrirgefningar en mér fannst innst inni að ég gæti aldrei fyrirgefið henni það sem ég hafði mátt þola.“ – Linda.

GETURÐU sett þig í spor Lindu sem var miður sín þegar trússystir bar hana röngum sökum? Því miður hefur framkoma annarra stundum slegið fólk út af laginu og haft áhrif á þjónustu þess við Jehóva. Á það við um þig?

Getur nokkur

„gert okkur viðskila við kærleika Guðs“?

Okkur getur eðlilega fundist mjög erfitt að fyrirgefa trússystkini sem hefur sært okkur. Þjónar Guðs eiga nú einu sinni að elska hver annan. (Jóhannes 13:34, 35) Það getur valdið miklum vonbrigðum og sársauka ef trússystkini beitir okkur ranglæti. – Sálmur 55:13.

Í Biblíunni kemur reyndar fram að stundum hafi þjónar Guðs „sök á hendur öðrum“ í söfnuðinum. (Kólossubréfið 3:13) Samt sem áður getur okkur fundist erfitt að vinna úr því þegar við verðum fyrir því sjálf. Hvað getur hjálpað okkur til þess? Líttu á þrjár staðreyndir sem Biblían nefnir:

Faðir okkar á himnum veit allt sem gerist.

Jehóva sér allt sem á sér stað, meðal annars óréttlæti sem við verðum fyrir og erfiðleikana sem fylgja því. (Hebreabréfið 4:13) Jehóva finnur líka til með okkur þegar okkur líður illa. (Sakaría 2:12) Ekkert getur „gert okkur viðskila við kærleika Guðs“, hvorki „þjáning ... eða þrenging“ né nokkuð annað – ekki einu

sinni einn af þjónum hans. (Rómverjabréfið 8:35, 38, 39) Jehóva leyfir það ekki. Þá ættum við ekki heldur að leyfa *neinu* eða *neinum* að gera okkur viðskila við hann.

Að fyrirgefa ranga hegðun merkir ekki að sætta sig við hana. Þegar við fyrirgefum þeim sem hafa gert eitthvað á hlut okkar erum við ekki að gera lítið úr því, réttlæta það, afsaka eða sætta okkur við það. Hafðu hugfast að Jehóva sættir sig aldrei við syndir en hann fyrirgefur þær ef það er grundvöllur fyrir því. (Sálmur 103:12, 13; Habakkuk 1:13) Þegar hann hvetur okkur til að fyrirgefa öðrum er hann í rauninni að biðja okkur um að fara að dæmi sínu. Hann er ekki „eilíflega reiður“. – Sálmur 103:9; Matteus 6:14.

Þegar við látum af gremju gerum við sjálfum okkur gott. Hvernig þá? Sjáðu eftirfarandi fyrir þér: Þú tekur upp stein sem er aðeins eitt til tvö kíló að þyngd og heldur á honum með útréttri hendi. Þú átt líklega auðvelt með að halda á steininum í smástund. En hvað gerist ef þú reynir að halda á honum í lengri tíma? Hve lengi gætirðu gert það – nokkrar mínútur? Klukku-tíma? Eða lengur? Þú yrðir eflaust mjög þreyttur í hendinni. Steinninn hefur auðvitað ekki þyngst en því lengur sem þú heldur á honum því þyngri finnst þér hann vera. Hið sama er að segja um gremjuna. Því lengur sem við höldum



Þegar við látum af gremju gerum við sjálfum okkur gott.


Í hana – jafnvel þótt hún sé minni háttar – því verra er það fyrir sjálf okkur. Það er því skiljanlegt að Jehóva skuli hvetja okkur til að láta af gremjunni. Það er okkur til góðs að sleppa takinu. – Orðskviðirnir 11:17.

„Mér fannst eins og Jehóva væri að tala beint til mín“

Hvað hjálpaði Lindu að verða ekki bitur vegna framkomu trússystur sinnar? Hún hugleiddi meðal annars af hverju Biblían segir að við eigum að fyrirgefa. (Sálmur 130:3, 4) Það snerti

Lindu djúpt að Jehóva skuli vera fús til að fyrirgefa okkur ef við fyrirgefum öðrum. (Efesusbréfið 4:32–5:2) Hún lýsir því hvaða áhrif þetta hafði á hana og segir: „Mér fannst eins og Jehóva væri að tala beint til mín.“

Lindu tókst með tímanum að láta af gremjunni. Hún fyrirgaf systurinni og núna eru þær nánar vinkonur. Linda heldur áfram að þjóna Jehóva dyggilega. Þú mátt treysta því að Jehóva vilji hjálpa þér að gera hið sama.



„Ég varð bitur þegar ég fór frá söfnuðinum,“ segir Marie. „En þegar ég las bókina *Nálægðu þig Jehóva* rifjaðist upp fyrir mér hve góður og kærleiksríkur Jehóva er. Ég fór að elska hann á ný.“ Í kafla 26 og 30 er rætt hvers vegna og hvernig Jehóva fyrirgefur, og hvernig við getum líkt eftir honum. Bókin er til á jw.org.

SEKTARKENND

„Hreinsa mig af synd minni“

„Ég fékk nýja vinnu og fjárhagur fjölskyldunnar batnaði, en ég leiddist líka út í vafasamt lífverni. Ég fór að halda hátíðir, blanda mér í stjórnmál og meira að segja að sækja kirkju. Ég var óvirkur vottur Jehóva í 40 ár. Því lengur sem leið því minni líkur fannst mér á að Jehóva gæti fyrirgefið mér. Mér fannst ég ekki geta fyrirgefið sjálfri mér því að ég þekkti sannleikann áður en ég fór út á ranga braut.“ – Martha.

SEKTARKENND getur verið ákaflega íþyngjandi. Davíð konungur orti: „Misgjörðir mínar hafa vaxið mér yfir höfuð, þær eru byrði sem ég fæ ekki borið.“ (Sálmur 38:5) Sumir þjónar Jehóva hafa sokkið niður í vonleysi og depurð og ímyndað sér að hann geti aldrei fyrirgefið þeim. (2. Korintubréf 2:7) En er því þannig farið? Ef þú hefur syndgað alvarlega er þá gefið mál að þú hafir fjarlægst Jehóva svo mikið að hann fyrirgefi þér aldrei? Alls ekki.

Jehóva býður þér að útkljá málið

Jehóva snýr ekki baki við þeim sem iðrast synda sinna heldur reynir að ná til þeirra. Í dæmisögu Jesú um týnda soninn er Jehóva líkt við ástríkan föður. Sonurinn í dæmisöggunni yfirgaf fjölskylduna og leiddist út í spillt lífverni. Að einhverjum tíma liðnum ákvað hann að snúa aftur heim. „Er [sonurinn] var enn langt í burtu sá faðir hans hann og kenndi í brjósti um hann, hljóp og féll um háls honum og kyssti hann.“ (Lúkas 15:11-20) Langar þig til að styrkja tengslin við Jehóva en finnst þú vera „enn langt í burtu“ frá honum? Jehóva er eins og faðirinn í dæmisöggunni. Hann ber mikla umhyggju fyrir þér og hlakkar ákaflega til að taka á móti þér.

En hvað nú ef þú heldur að syndir þínar séu svo margar og svo alvarlegar að Jehóva geti ekki fyrirgefið þér? Hafðu þá í huga að Jehóva býður þér að koma til sín og útkljá málið. Hann segir: „Þó að syndir yðar séu sem skarlat skulu þær verða hvítar sem mjöll.“ (Jesaja 1:18) Jehóva er fús til að fyrirgefa syndir jafnvel þótt þær virðist eins óafmáanlegar og skarlatsrauður blettur á hvítri flík.

Jehóva vill ekki að þú sért sífellt með sektarkennd. En hvernig geturðu fundið fyrir þeim létti sem fylgir fyrirgefningu Guðs og hreinni samvisku? Líttu á tvennt sem Davíð konungur gerði. Í fyrsta lagi sagði hann: „Ég vil játa afbrot mín fyrir Drottni.“ (Sálmur 32:5) Mundu að Jehóva hefur *nú þegar boðið þér að nálgast sig í bæn og útkljá málin.* Þiggðu boðið. Játaðu syndir þínar fyrir Jehóva og segðu honum hvernig þér líður. Davíð vissi af reynslunni að hann gat óhikað beðið til Jehóva: „Hreinsa mig af synd minni ... sundurmarið og sundurkramið hjarta munt þú, ó Guð, eigi fyrir líta.“ – Sálmur 51:4, 19.

Í öðru lagi fékk Davíð hjálp frá Natan spámanni sem var fulltrúi Guðs. (2. Samúelsbók 12:13) Nú á dögum hefur Jehóva útnefnt safnaðaröldunga sem hafa fengið þjálfun og kennslu til að



Jehóva vill að þú finnir fyrir þeim létti sem fylgir hreinni samvisku.

hjúpa iðrandi syndurum að endurheimta vináttu sína við Jehóva. Leitaðu til þeirra og þiggðu hjálp þeirra. Þeir munu bæði biðja með þér og nota Biblíuna til að hjálpa þér að öðlast innri ró, draga úr eða sigrast á neikvæðum tilfinningum og ná þér aftur á strik í trúnni. – Jakobsbréfið 5:14-16.

„Sæll er sá er afbrotin eru fyrirgefni“

Að játa syndir þínar fyrir Jehóva Guði og tala við öldungana er kannski eitt það erfiðasta sem þú hefur gert á ævinni. Davíð fannst það greinilega. Hann þagði yfir synd sinni um tíma. (Sálmur 32:3) En eftir á skildi hann hvernig það var honum til góðs að játa syndir sínar og bæta ráð sitt.

Eitt það besta var að Davíð tók gleði sína á ný. Hann sagði: „Sæll er sá er afbrotin eru fyrirgefni.“ (Sálmur 32:1) Hann bað líka til Jehóva: „Opna varir mínar að munnur minn kunngjöri lof þitt.“ (Sálmur 51:17) Davíð var þakklátur fyrir að njóta fyrirgefningar Jehóva og þurfa

ekki að burðast lengur með sektarkennd. Hann langaði til að tala um Jehóva.

Jehóva vill að þú finnir fyrir þeim létti sem fylgir hreinni samvisku. Hann vill líka að þú segir öðrum frá honum og því sem hann ætlar að gera, ekki með sektarkennd heldur með gleði og einlægu hjarta. (Sálmur 65:2-5) Mundu að hann býðst til að afmá syndir þínar svo að þú styrkist og endurnærast með hjálp hans. – Postulasagan 3:19, 20.

Martha fékk að upplifa þetta. Hún segir: „Sonur minn sendi mér alltaf *Varðturninn* og *Vaknið!* Smám saman kynntist ég Jehóva á nýjan leik. Það erfiðasta við að snúa aftur var að biðja Jehóva að fyrirgefa mér allar syndirnar sem ég hafði drýgt. En að lokum leitaði ég til hans í bæn og það hann að fyrirgefa mér. Það er ótrúlegt að það skyldu líða 40 ár þangað til ég sneri aftur til Jehóva. Ég er lifandi dæmi um að það er hægt að fá annað tækifæri til að þjóna Guði, jafnvel eftir mörg ár, og njóta kærleika hans á ný.“



5 Snúðu aftur til hirðisins mikla

Í þessum bæklingi hefur verið rætt um ýmislegt sem getur gert manni erfitt fyrir að snúa aftur til Jehóva. Kannastu við eitthvað af því af eigin raun? Þú ert alls ekki einn um það. Margir trúir þjónar Guðs, bæði á biblíutímanum og nú á dögum, hafa glímt við svipaðar áskoranir. Jehóva hjálpaði þeim að sigrast á þeim og hann er líka fús til að hjálpa þér.

„Það rann upp fyrir mér að Jehóva hafði aldrei yfirgefið mig, ég þurfti bara að rata aftur til *hans*.“

ÞÚ MÁTT treysta að Jehóva styður við bakið á þér þegar þú snýrð aftur til hans. Hann hjálpar þér að takast á við áhyggjur, vinna úr særðum tilfinningum og óðlast þann innri frið sem fylgir hreinni samvisku. Þá vaknar eflaust með þér löngun til að þjóna Jehóva aftur með trússysteminum þínum. Þú stendur þá í svipuðum sporum og sumir þjónar Guðs á fyrstu öld. Pétur postuli skrifaði þeim: „Þið voruð sem villuráfandi sauðir en nú hafið þið snúið ykkur til hans sem er hirðir og biskup sálna ykkar.“ – 1. Pétursbréf 2:25.

Að snúa aftur til Jehóva er það allra besta sem þú getur gert. Af hverju? Af því að þá gleður þú hjarta hans. (Orðskviðirnir 27:11) Eins og þú veist hefur Jehóva tilfinningar og við höfum áhrif á hann með því sem við gerum. Jehóva neyðir okkur auðvitað ekki til að elska sig og þjóna sér. (5. Mósebók 30:19, 20) Biblíufræðingur segir: „Það er enginn hurðarhúnn utan á hjarta mannsins. Það þarf að opna það innan frá.“ Við getum valið að opna þessar dyr með því að elska Jehóva og tilbiðja hann af öllu hjarta. Þegar við gerum það gefum við honum verðmæta gjöf – ráðvendni okkar – og þannig gleðjum við hann meira en orð fá lýst. Ekkert jafnast á við gleðina sem fylgir því að tilbiðja Jehóva eins og hann verðskuldar. – Postulasagan 20:35; Opinberunarbókin 4:11.

Andlegri þörf þinni verður líka fullnægt þegar þú byrjar að þjóna Jehóva aftur. (Matteus 4:4) Hvernig þá? Fólk um allan heim veltir fyrir sér tilgangi lífsins. Það þyrstir í svör við spurningum um lífið og tilvist mannsins. Jehóva áskapaði manninum þessa andlegu þörf. Hann skapaði okkur þannig að það veitir okkur lífsfyllingu að þjóna honum. Ekkert veitir meiri gleði en að tilbiðja Jehóva af því að við elskum hann. – Sálmur 63:2-6.

Jehóva vill að þú snúir aftur til sín. En hvernig geturðu verið viss um það? Hugleiddu þetta: Mikil vinna var lögð í að semja þennan bækling og við báðum Jehóva oft um leiðsögn. Einhver lét þig fá bæklinginn, kannski safnaðaröldungur eða annað trússystemkíni. Þú last hann og efnið hreyfði við þér. Þetta sýnir að Jehóva hefur ekki gleymt þér. Hann er að draga þig blíðlega til sín. – Jóhannes 6:44.

Það er hughreystandi að vita að Jehóva gleymir aldrei þjónum sínum sem hafa villst af leið. Systir, sem heitir Donna, áttaði sig á því. Hún segir: „Ég hafði smám saman fjarlægst sannleikann en ég hugsaði oft um Sálm 139:23, 24 þar sem segir: „Prófa mig, Guð, og þekktu hjarta mitt, rannsaka mig og þekktu hugsanir mínar og sjá þú hvort ég geng á glötunarvegi og leið mig hinn eilífa veg.“ Ég vissi að ég átti enga samleið með heiminum – ég fann að ég átti ekki heima þar – og ég vissi að ég þyrfti að snúa aftur til safnaðar Jehóva. Það rann upp fyrir mér að Jehóva hafði aldrei yfirgefið mig, ég þurfti bara að rata aftur til *hans*. Ég er svo ánægð að ég skyldi gera það!“

Það er einlæg bæn okkar að þú fái líka að njóta gleðinnar sem Jehóva gefur. (Nehemíabók 8:10) Þú sérð aldrei eftir því að snúa aftur til hans.

Jehóva styður við bakið á þér þegar þú snýrð aftur til hans.

Að snúa aftur til Jehóva – spurningar og svör

Á HVERJU BYRJA ÉG?

Sá sem hefur átt við veikindi að stríða getur þurft tíma til að ná sér aftur á strik. Þú getur sömu-leiðis styrkt þinn andlega mann smám saman með því að gefa þér að minnsta kosti smá stund á hverjum degi til að næra þig andlega. Þú þarft ekki að gera allt í einu. Þú gætir ef til vill notað nokkrar mínútur til að lesa í Biblíunni, lesa eða hlusta á upplestur úr ritunum okkar, skoða vefsetrið jw.org eða horfa á Sjónvarp Votta Jehóva á jw.org. Reyndu líka að fara á samkomu í ríkissalnum eins fljótt og þú getur. En biðdu Jehóva umfram allt að hjálpa þér. „Varpið allri áhyggju ykkar á hann því að hann ber umhyggju fyrir ykkur.“ – 1. Pétursbréf 5:7.

„Eftir að ég varð óvirk í þjónustu Jehóva skammaðist ég mín svo að ég gat ekki einu sinni beðið til hans. Að lokum tókst mér að manna mig upp í að biðja og þá kom öldungur að máli við mig. Hann minnti mig á að Jehóva væri ekki búinn að gefast upp á mér. Öldungurinn stakk upp á að ég byrjaði á því að lesa daglega í Biblíunni. Ég gerði það og það gaf mér kraft til að byrja að sækja samkomur á ný. Svo fór ég aftur að taka þátt í boðunarstarfinu. Ég er innilega þakklát fyrir að Jehóva skyldi ekki gefast upp á mér.“ – Eeva.

HVERNIG TEKUR SÖFNUÐURINN Á MÓTI MÉR?

Þú mátt treysta að söfnuðurinn tekur hlýlega á móti þér. Bræður og systur eiga ekki eftir að vera gagnrýnin eða dæmandi. Þau sýna þér öllu heldur kærleika og gera allt sem þau geta til að hvetja þig og uppörva. – Hebraabréfið 10:24, 25.

„Ég þorði varla að láta sjá mig aftur í ríkissalnum. Ég vissi ekki hvernig mér yrði tekið. Ein af eldri systrunum, sem var í söfnuðinum þegar ég fór frá fyrir 30 árum, sagði við mig: ‚Velkominn heim, vinur!‘ Það snerti mig djúpt. Ég var kominn heim.“ – Javier.

„Ég fór á samkomu í ríkissalnum og settist aftast svo að enginn tæki eftir mér. Margir könnuðust samt við mig og mundu eftir að ég hafði komið á samkomur þegar ég var yngri. Þeir heilsuðu mér hlýlega og föðmuðu mig svo innilega að ég fylltist innri friði. Mér leið eins og ég væri kominn heim.“ – Marco.

HVERNIG EIGA ÖLDUNGARNIR EFTIR AÐ HJÁLPA MÉR?

Öldungarnir taka þér vel og hrósa þér fyrir að vilja glæða þinn „fyrri kærleik“. (Opinberunarbókin 2:4) Þeir sýna þér umhyggju og hjálpa þér að leiðrétta þau mistök sem þér hafa orðið á, og þeir gera það „með hógværð“. (Galatabréfið 6:1; Orðskviðirnir 28:13) Hugsanlega biðja þeir einhvern í söfnuðinum að lesa með þér, til dæmis bækur eins og *Nálægðu þig Jehóva* eða *„Látid kærleika Guðs varðveita ykkur“*. Öldungarnir munu hughreysta þig og styðja skref fyrir skref. – Jesaja 32:1, 2.

„Öldungarnir reyndu að hjálpa mér þau átta ár sem ég var óvirkur. Dag nokkurn kom öldungur og sýndi mér myndir sem hann hafði tekið af okkur. Þær vöktu svo margar góðar minningar að mig langaði til að finna aftur fyrir þeirri gleði sem ég naut meðan ég þjónaði Jehóva. Öldungarnir hjálpuðu mér að komast aftur í gang í þjónustu hans.“ – Victor.



Í söngbókinni okkar, *Syngjum af gleði fyrir Jehóva*, eru margir hjartnæmir söngvar sem geta verið þér til huggunar og hvatningar þegar þú tekur upp þráðinn á ný í þjónustu Jehóva. Sem dæmi má nefna söng 38. Hann heitir „Hann mun styrkja þig“ og textinn er byggður á 1. Pétursbréfi 5:10.




„Hann mun styrkja þig“

Að gefnu tilefni Guð kaus að kenna þér og kalla þig í ljósið myrkri frá. Hann sá þitt hjartalag að löngunin var þar að leita hans og réttlætið að þrá. Þú hést í bæn að hlýða boðum hans, hann hjálparhella' er sérhvers trúaðs manns.

Guð gaf sinn kæra son, á kvalastaur hann dó, því kærleikann til þín hann vildi tjá. Hann hlífðist eigi við að færa þessa fórn og fús hann styrkir þig er þörf er á. Hann gleymir ekki góðverkum né trú og gaum að okkar þörfum gefur nú.

(VIÐLAG)

Með Jesú blóði keyptur, svo Jehóva þig á. Hann jafnan mun þér styrk og stuðning sinn þér ljá. Hann leiddi þig og leiðir réttu vegunum á, Hann enn þá styrkir þig, mun stuðning sinn þér ljá.



Hægt er að hlusta á þennan söng og fleiri sungna á erlendum tungumálum með því að skanna merkið eða fara inn á jw.org.





Hugsar þú öðru hvoru til baka um góðar stundir sem þú áttir með söfnuði Jehóva? Rifjast upp fyrir þér upp-örvandi samkoma, hvetjandi mót, ánægjulegt atvik í boðunarstarfinu eða bara skemmtilegar samræður við trússystkini? Þú hefur ekki gleymt Jehóva og hann hefur ekki heldur gleymt þér. Hann hugsar með hlýju til þess sem þú gerðir áður í þjónustu hans. Og hann þráir að hjálpa þér að snúa aftur til sín.

Jehóva segir: „Nú ætla ég sjálfur að leita sauða minna og líta eftir þeim. Eins og hirðir lítur eftir hjörð sinni þegar hún er á dreif í kringum hann mun ég fylgjast með mínu fé. Ég mun bjarga sauðum mínum frá öllum þeim stöðum sem þeir dreifðust til.“ – Esekíel 34:11, 12.

Þetta rit er ekki til sölu. Útgáfa þess er þáttur í alþjóðlegri bibliufræðslu sem kostuð er með frjálsum framlögum.

Þú getur farið inn á donate.jw.org til að gefa framlag.

Vitnað er í Íslensku bibliuna frá 2010 nema annað sé tekið fram.

Snuðu aftur til Jehóva

Return to Jehovah

Prentað í apríl 2020

Icelandic (Ij-IC)

© 2015

WATCH TOWER BIBLE AND TRACT SOCIETY OF PENNSYLVANIA

Útgefendur

Watch Tower Bible and Tract Society of Canada, Georgetown, Ontario, Canada

Made in Canada

Prentað í Kanada



Opinbert vefsetur
Votta Jehóva

Farðu inn á jw.org®
eða skannaðu
merkið.



Ij-IC
200/420